

Kíkir
Co/ Karl Bergmann Ómarsson
Netf. kikir.info@gmail.com
231 Jangwidong, Seoungbuk gu, Seoul
Seoul



Reykjavík 4. des. 2015
UST201511-196

Efni: Kvikmyndataka við Skógafoss og Dyrhólaey

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Kíkis, dagsett 28. nóvember, 2015 vegna leyfis til kvikmynda- og ljósmyndatöku við Skógarfoss, Dyrhólaey og Jökulsárlón á tímabilinu 27. 11. til 3. 12. 2015.

Skógafoss var friðlýstur sem náttúruvætti árið 1987, sbr. auglýsing nr. 477/1987 í B-deild stjórnartíðinda. Samkvæmt friðlýsingarskilmálum er gangandi fólki heimil för um svæðið, enda sé góðrar umgengni gætt. Akstur utan vega og merktra ökuslóða er óheimil og óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf eða raska jarðmyndunum. Allt jarðrask er háð leyfi Umhverfisstofnunar.

Dyrhólaey var friðlýst árið 1978 sem friðland, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 101/1978. Samkvæmt friðlýsingunni er óheimilt að skaða eða trufla dýralíf á hinu friðlýsta svæði og getur Umhverfisstofnun takmarkað aðgengi almennings á tímabilinu 1. maí til 25. júní til verndar fuglalífi.

Jökulsárlón er ekki friðlýst og vísun við á landeigendur varðandi kvikmyndatöku þar.

Lýsing framkvæmdar:


Um er að ræða raunveruleika sjónvarpsþátt þar sem fylgst er með fjórum einstaklingum sem ferðast um áhugaverða staði á landinu. Þáttunum verður sjónvarpað í Suður Kóreu í janúar 2016. Kvikmyndað verður á og við göngustíga á umræddum stöðum. Engin leikmynd er nýtt eða rask á svæðunum. Alls er áætlað að 12 til 18 manns komi að verkefninu. Unnið verður einn dag á hverju svæði fyrir sig. Dróni verður notaður við hluta myndatökunnar.


Áhrifamat:

Umhverfisstofnun bendir á að umsóknin barst eftir að tölur hófust samkvæmt leyfisósk. Stofnunin afgreiðir ekki leyfisóskir vegna kvikmyndataka sem farið hafa fram áður en hún getur afgreitt erindið en afgreiðsla sambærilegra erinda getur tekið allt að 15 virka daga. Í þessu tilfelli metur stofnunin þó sem svo að ekki sé um leyfisskylda framkvæmd að ræða.

Umhverfisstofnun bendir á, að ný náttúruverndarlög hafa nú tekið gildi og er verið að vinna nýtt verklag vegna leyfisveitinga á friðlýstum svæðum.

Virðingarfyllt


Jón Björnsson
Sérfræðingur


Þórdís V. Bragadóttir
Sérfræðingur